

# Íslenskir þjóðbúningar



# Mismunandi búningar – hvað er hvað?

Hér verður farið yfir helstu búninga sem hafa verið notaðir á peysufatadaginn hjá okkur í Kvennaskólanum í gegnum árin. Þó dagurinn kallist peysufatadagur er langt því frá að allir klæðist peysufötum margir eru á upphlut eða í þjóðlegum klæðnaði eins og lopapeysu. Eftirfarandi glærur ættu að hjálpa ykkur að átta ykkur á hvað er hvað og fræðast um fallegu búningana okkar.

# 19. aldar upphlutur

**Upphlutur** var hluti kvenbúninga frá alda öðli en ekki sérstakur búningur. Búningurinn bar nafn af þröngum bol, oftast úr mislitu ullarklæði eða flaueli, sem konur klæddust yfir ljósa ullar eða lín **nærskyrту**. Bolurinn var opinn að framan og reimaður saman með **millum**. Þær voru festar á brún boðanga, fimm eða fleiri hvoru megin, og reimaðar saman með millureim svo að upphluturinn félli þétt að. Boðangar voru skreyttir vírborðum eða flauelsborðum, baldýruðum með silki og stundum líka vírþræði. Skreytt var með þrem flauels- eða vírleggingum á baki og yfir axlarsauma. **Næla** var í háls máli eða bundinn **klútur**. Pilsíð, **niðurhluturinn**, var úr ofnu efni, vaðmáli eða klæði, svörtu eða svarbláu, þéttfellt að aftan og hékk í upphlutnum. **Svunta** var langröndótt eða köflótt úr ullar- eða bómullardúk. **Húfa** var djúp, þrjúnuð úr svörtu, fínu ullarbandi og með stuttan ullarskúf, oftast mislitan, Hólkur úr vírborða eða silfri huldi samskeyti skotts og skúfs. Á 19. öld gengu flestar konur enn í **ullarsokkum** og **sauðskinnsskóm**.



# 20. aldar upphlutur



Upphlutur breyttist í samræmi við tíðaranda, tísku og fánleg efni. Upphlutur 20. aldar varð að mörgu leyti ólíkur þeim sem konur klæddust öldinni áður. [Pils](#) var svart, saumað úr klæði, silkisetíni, eða efni sem líktist því, og [upphluturinn](#) úr svipuðu efni og alltaf svartur. Bolurinn varð flegnari en fyrr og millupör aðeins fjögur. Flauelsborðar á barmi breikkuðu og voru skreyttir vírbaldýringum eða silfurrósum. Á baki héldust mjóar leggingar á axlarsaumum og tvær á miðju baki. [Skyrtan](#) gat verið flegin, svört, hvít eða mislit, úr ýmsum efnum, rétt eins og [svuntan](#) og um miðbik aldarinnar var farið að nota gerviefni í svuntu og skyrtu. [Húfan](#) var grunn, saumuð úr flaueli, með löngum, svörtum silkiskúf. [Silfurnæla](#) var við hálsnál, [silfurermahnappar](#) svo og stokka**a**[belti](#) eða silfurskreytt flauelsbelti. Nútímaupphlutur er oftast saumaður úr ullarefni, skyrtan höfð ljós, og svunta köflótt eða langröndótt og grunn húfa þrjúnuð úr fínu, svörtu ullarbandi. Við upphlutinn eru konur í svörtum [sokkum](#) og [skóm](#).







# 19. aldar peysuföt


---

- Á 19. öld voru peysuföt oftast svört en gátu verið svarblá. [Pilsíð](#) var úr ofnu efni, vaðmáli eða klæði. [Peysan](#) var aðskorin og með löngum, þröngum ermum. Á fyrri hluta aldarinnar var hún þrjúnuð úr fínu ullarbandi og síðan þæfð. Upp úr miðri öldinni varð sífellt algengara að sníða peysuna úr klæði. Á boðunga og fremst á ermar var saumað svart flauel. Að framan var peysan krækt þannig saman að hún var opin yfir barminn svo að þar sást í [nærskyrtuna](#). Neðst á peysunni að aftan var þéttfelldur renningur úr sama efni og hún. Hann var nefndur stokkur eða stakkur og lagðist yfir pilsstrenginn. Peysan var einnig nefnd stokkapeysa eða stakkpeysa. Mislitur [klútur](#) var bundinn um hálsinn. [Svuntan](#) var langröndótt eða köflótt úr ullar- eða bómullardúk, jafnvel silki til spari. [Húfan](#) var djúp, þrjúnuð úr svörtu, fínu ullarbandi og var með rauðan, grænan, bláan eða svartan skúf. Hólkur úr vírborða eða silfri huldi samskeyti skotts og skúfs. Á 19. öld gengu flestar konur enn í [ullarsokkum](#) og [sauðskinnsskóm](#).



## 20. aldar peysuföt

Peysuföt breyttust eftir tíðaranda, tísku og fánlegum efnum. Peysuföt 20. aldar urðu að mörgu leyti ólík þeim sem konur klæddust öldinni áður [Pils](#) og [peysa](#) voru svört, saumuð úr klæði, silkidamaski eða efni sem líktist því, einstaka sinnum úr flaueli. Peysan var sem fyrr aðskorin, með stakk (stokk) að aftan, flauel saumað á boðunga og fremst á ermar og ermar með svolitlu púffi á öxlum. Undir peysuna að framan var lagt hvítt [peysubrjóst](#), skreytt blúndu eða útsaumi, sem sá í á opnum barminum. [Slifsið](#) var langur silkirenningur, þrætt við hálsmál peysunnar og brugðið í slaufu á barmi. Það var oftast úr silki, einlitt eða marglitt, rétt eins og svuntan. [Húfan](#) var grunn, saumuð úr flaueli, með löngum, svörtum silkiskúf. Um miðbik aldarinnar var nokkuð um að notuð væru marglit gerviefni í slifsi og svuntu. Nútímapeysuföt eru oftast saumuð úr ullarefni, slifsi úr silki svo og köflótt eða langröndótt svuntan og grunn húfan þrjónuð úr fínu, svörtu ullarbandi. Með peysufötum klæðast konur svörtum [sokkum](#) og [skóm](#).



Tekið saman af Ólínu Ásgeirsdóttur mars 2019



# Búningar karla

Föt karla voru oftast saumuð úr ullarvað-máli, dimmbláu, svörtu eða brúnu. Karlar girtu [nærskyrту](#) ofan í [lokubuxur](#), venjulega hnésíðar. Lokan var hneppt upp við brókarhaldið og á skálmum var hneppt klauf. [Axlabönd](#), oftast spjaldofin, lágu í kross bæði að framan og aftan. Elstu [vesti](#) voru prjónuð en síðar saumuð úr dökku eða lituðu ullarvaðmáli og náðu upp í háls og niður fyrir mitti. Framstykkir var tvíhneppt og mátti hneppa það á hvora hliðina sem var. Ullarbrydding var í háls-máli, um handveg og niður barma. Brjósta-dúkur var einfaldari í sniði en vesti, hnepptur á vinstri hlið og á öxl og með utanálíggjandi vasa. [Treyja](#) var kragalaus, með bognum ermum og hnepptri erma-klauf. Framstykkir voru stór, tvíhneppt og gátu hneppst á báða vegu. Hnappar voru úr tini, pjátri, beini eða silfri. Karlar voru með [hálsklút](#) og á höfði prjónaða, rönd-óttu [ullarhúfu](#) með litlum skúf. [Sokkar](#) voru prjónaðir úr ullarbandi og bundnir með [sokkaböndum](#) fyrir neðan hné. [Skór](#) voru heimasaumaðir úr skinni eða roði.




# Þjóðbúningar sem eru ekki eins algengir

## 18. aldar faldbúningur



## 19. aldar faldbúningur



# Skautbúningur



# Kyrtill



# Heimildir

- <http://buningurinn.is/>
- <https://www.facebook.com/7ihoggi/photos/a.644232608924085/1926652517348748/?type=3&theater>
- <https://www.facebook.com/annrikitjodbuningarogskart/photos/>